

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 223/2024 um hrognkelsaveiðar árið 2024.

1. gr.

Við 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Skylt er að landa eftir hverja veiðiferð eða samdægurs og net eru dregin.

2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Á tímabilinu 1. til 20. mars getur bátur gert eitt hlé á veiðum fram yfir 20. mars og hefjast þá samfelldir veiðidagar að frádregnum þeim dögum er þegar hafa verið nýttir. Tilkynna skal um hlé á veiðum til Fiskistofu með staðfestingu á því að öll net hafi verið dregin upp.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 7. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 29. febrúar 2024.

F. h. r.
Benedikt Árnason.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.